



AÐALFUNDUR NÝHERJA HF.

föstudaginn 13. febrúar kl. 16.00
í ráðstefnusal félagsins Borgartúni 37

Dagskrá fundarins

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 4.13. gr. í samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum sbr. 55. gr. hlutafélagalaga.

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með nægilegum fyrirvara til að unnt sé að tilkynna málið á dagskrá sem lögð verður fram viku fyrir fundinn. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en kl. 16.00 föstudaginn 6. febrúar 2015.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað. Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta:

- a) veitt öðrum skriflegt umboð eða
- b) greitt atkvæði skriflega.

Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Aðrar upplýsingar

Öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og tillögur stjórnar, eru hluthöfum tiltækt á heimasíðu félagsins frá og með 30. janúar 2015. Endanleg dagskrá verður birt á heimasíðu félagsins viku fyrir fundinn, 6. febrúar 2015. Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Tilkynnt verður um framboð til stjórnar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Reykjavík, 20. janúar 2015,
stjórn Nýherja hf.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn
er að finna á www.nyherji.is.

BORGARTÚNI 37
SÍMI 569 7700
WWW.NYHERJI.IS


NÝHERJI